



Ársskýrsla Kvenfélags Grímsneshrepps 2025

Flutt á aðalfundi 21. feb. 2026

Í lok árs 2024 eru í stjórn Kvenfélags Grímsneshrepps Sandra Gunnarsdóttir, formaður, María Huld Hilmarsdóttir, varaformaður, Guðríður Guðmundsdóttir, ritari og Díana Símonardóttir gjaldkeri og Margrét Gunnarsdóttir meðstjórnandi. Varamaður í stjórn er Fönn Eyþórsdóttir.

Þrjár konur sögðu sig úr félaginu og ein féll frá, Þóra Magnúsdóttir sem var heiðursfélagi. Á árinu gengu 11 konur í félagið. Þær eru: Guðrún Lárusdóttir, Jóna Sveinsdóttir, Hólmfríður Halldórsdóttir, Edda Friðfinnsdóttir, Jófríður Ákadóttir, Sveinbjörg Guðnadóttir, Díana Kristín Sigmarsdóttir, Anna Þorný Jónsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Anna Friðbertsdóttir og Lára Magnea Jónsdóttir. Í lok ársins voru því 75 konur í Kvenfélagi Grímsneshrepps.

Stjórnarfundir á árinu voru 9 talsins, félagsfundir 4 og árið viðburðaríkt að vanda. Vinnustundir voru um 3335 klst.

Aðalfundurinn var haldinn í febrúar. Í mars bauð Guðrún Bjarnadóttir okkur til sín í Hespuhúsið þar sem við sátum og spjölluðum og sáum allt það fallega sem hún gerir og selur þar. Vorfundurinn sem haldinn var á Hótel Selfossi var vel sóttur, góðar veitingar, happdrætti og skemmtilegar sögur frá Elsu og Lísu. Í maí fór svo stór hópur okkar kvenna í mjög skemmtilega ferð til Cornwall á Englandi og svo var vorhittingur í Mörkinni að venju þar sem Maja, Magga og Fönn buðu uppá frábært kjúklingasalat.

Á 17. júní skryddi María Huld Hilmarsdóttir Erlu Maríu Kristinsdóttur fjallkonuna okkar. Báðar eru þær félagskonur. Sú nýjung var að kvenfélagið sá um kaffihlaðborð á 17. júní og voru sveitungar og gestir mjög ánægð með að hafa þennan valkost. Vonandi verður þetta að hefð hjá okkur, allavega er búið að ákveða að það verði á þessu ári. Í rauninni áttum við þessi hátíðahöld því hún Laufey okkar flutti hátíðarræðuna og snerist hún um jafnréttisbaráttu og kraft kvenna í 50 ár frá kvennafundinum.

Í júlí bauð svo Auður Ottesen okkur til sín á Alviðru þar sem hún sagði okkur frá sögu staðarins og framkvæmdum sem þar eru í gangi. Undirbúningur Grímsævintýra hófst svo auðvitað um sumarið með kleinubakstri og sultugerð. Grímsævintýrin tókust afar vel, 2742 tombólumiðar seldust á fullu verði og fengu færri en vildu. Torgið hélt vel utan um öll hátíðahöldin, börnin skemmtu sér og fullorðnir sátu og spjölluðu yfir kaffi og vöfflum og öðru góðgæti sem við buðum uppá.

Haustfundurinn var svo haldinn í september og í október vorum við með skiptimarkað sem var vel sóttur og verður endurtekinn aftur á þessu ári. Þann 24. október tóku svo nokkrar konur úr okkar hópi þátt í 50 ára afmæli Kvennafrídagsins á Arnarhóli.



Grímuballið var svo á sínum stað í lok október og jólabingóið í nóvember. Jólafundurinn var svo haldinn á Hallvegarstöðum, húsi Kvenfélagsambands Íslands með veitingum, pakkaleik og tónlistaratriði.

Servéttu og jólapokasalan var aftur á Snæfoksstöðum í umsjá Erlu Maríu og komu konur saman í nóvember til að sauma jólapoka. Það hefur komið til tals að selja einnig bakstur þar, t.d. sörur og lagtertu og þá myndu konur gera þetta saman líka.

Við sáum um 3 erfidrykkjur á árinu en formaður veislunefndar mun segja betur frá því.

Á árinu 2024 námu styrkir og gjafir 2.728.825 kr.

Móberg hjúkrunarheimili á Selfossi – lífsmarkatæki	657.151
Vinaminni og Árblik dagvistun á Selfossi – 2 hjartastuðtæki	524.758
HSU á Flúðum – kvenskoðunarbekkur	162.500
Foreldrafélag Kerhólsskóla	112.000
Kvennaathvarfið	100.000
Stígamót	100.000
Reykjalundur	80.000 + bók
Ekkja mannsins sem lést í Þorlákshöfn	100.000
Strókur	400.000
Sjóðurinn góði – ágóði af jólabingói	400.000

Svo styrktum við Halloween skemmtunina um 92,416

Við stjórnarkonur í Kvenfélagi Grímsneshrepps þökkum ykkur kærlega fyrir þátttöku í verkefnum og viðburðum og fyrir allar góðu samverustundirnar. Við hvetjum ykkur nú sem fyrr til þess að gefa kost á ykkur til starfa í nefndum og verkefnum.

Formaður Kvenfélags Grímsneshrepps

Sandra Gunnarsdóttir

